

Greiðslujöfnuður við útlönd og erlend staða þjóðarbúsins á fyrsta ársfjórðungi 2003

Á fyrsta fjórðungi ársins var halli á viðskiptajöfnuði við útlönd einn milljarður króna samkvæmt bráðabirgðauppgjöri Seðlabanka Íslands. Á sama tíma í fyrra var viðskiptahallinn 1,5 milljarðar króna. Vöruviðskipti voru hagstæð um 6,7 milljarða króna en 2,7 milljarða króna halli var á þjónustujöfnuði við útlönd. Á föstu gengi¹ jókst útflutningur vöru og þjónustu um 5% en innflutningur jókst um 5,7% frá sama tímabili árið áður. Halli á þáttatekjum við útlönd var 4,6 milljarðar króna á fyrsta ársfjórðungi 2003 samanborið við 6 milljarða króna halla á sama tíma í fyrra og rekstrarframlög voru neikvæð um 0,4 milljarða króna.

Innstreymi fjármagns mældist 14,1 milljarður króna á fyrsta fjórðungi ársins. Erlendrar lántökur voru 23,5 milljarðar króna og bein fjárfesting erlendra aðila á Íslandi var 6,6 milljarðar króna. Fjárútsstreymi vegna erlendra verðbréfakaupa nam 7,3 milljörðum króna. Aðrar fjárfestingar voru 6,4 milljarðar króna, einkum útlán bankanna til erlendra aðila sem hafa aukist mikið á síðustu árum og nema nú um 73 milljörðum króna. Gjaldeyrisforði Seðlabankans jókst lítillega á fyrsta fjórðungi ársins og nam hann 36 milljörðum króna í lok mars 2003.

Greiðslujöfnuður við útlönd í milljörðum króna

<i>Ársfjórðungar:</i>	<i>I.</i>	<i>II.</i>	<i>III.</i>	<i>IV.</i>	<i>I.</i>
	<i>2002</i>	<i>2002</i>	<i>2002</i>	<i>2002</i>	<i>2003</i>
Viðskiptajöfnuður	-1,5	-1,8	2,6	-0,1	-1,0
Útflutningur vöru og þjónustu	76,3	78,9	80,1	73,0	70,8
Innflutningur vöru og þjónustu	-71,4	-75,5	-75,4	-71,1	-66,8
Þáttatekjur og framlög, nettó	-6,4	-5,2	-2,1	-1,9	-5,0
Fjármagnsjöfnuður	15,9	11,9	-8,7	-4,8	14,1
Hreyfingar án forða	16,8	14,0	5,0	-15,8	14,3
Gjaldeyrisforði (- aukning)	-0,9	-2,1	-13,6	11,0	-0,2
<i>Skekkjur og vantalið, nettó</i>	<i>-14,3</i>	<i>-10,1</i>	<i>6,1</i>	<i>4,9</i>	<i>-13,2</i>

¹ Viðskiptavegin gengisvísitala er 11,5% lægri á fyrsta fjórðungi 2003 en á sama tímabili árið áður.

Erlendar skuldir þjóðarinnar voru 554,5 milljarðar króna umfram eignir í lok mars sl. og hafði skuldastaðan lækkað frá ársbyrjun vegna gengishækkunar krónunnar. Ítarlegri upplýsingar um greiðslujöfnuðinn við útlönd og erlenda stöðu þjóðarbúsins er að finna í meðfylgjandi töflum ásamt endurskoðuðum tölum síðustu tveggja ára. Bein fjárfesting Íslendinga erlendis minnkar frá því sem áður var talið vegna nýrri og betri upplýsinga og endurskoðunar á endurfjárfestum hagnaði. Þessi leiðrétting lækkar þáttatekjur og þar með viðskiptajöfnuð við útlönd. Leiðréttur viðskiptajöfnuður við útlönd sýnir 0,8 milljarða króna halla á árinu 2002 í stað ríflega tveggja milljarða afgangss áður. Hrein erlend staða þjóðarbúsins breytist við þessa leiðréttingu og var hún neikvæð um 562,5 milljarða króna í árslok 2002 og 586,4 milljarða í árslok 2001.

Þriðjudaginn 10. júní 2003 mun birtast töfluyfirlit um greiðslujöfnuð við útlönd og erlenda stöðu í hagtölum Seðlabankans á heimasíðu hans: (www.seðlabanki.is). Einnig birtist nýtt yfirlit um erlendar skuldir þjóðarinnar í samræmi við birtingastaðal Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (sjá heimasíðu hans á netinu: <http://dsbb.imf.org>). Þar verða erlendar skuldir flokkaðar eftir helstu lántakendum, tímalengd og lánsformum.

Nánari upplýsingar veitir Jakob Gunnarsson, deildarstjóri á tölfræðisviði Seðlabanka Íslands, í síma 569-9600.

GREIÐSLUJÖFNUÐUR VIÐ ÚTLÖND

Í milljónum króna	Janúar- desember		Janúar - mars		Breyting ¹ frá fyrra ári
	2001	2002	2002	2003	
Viðskiptajöfnuður	-29.729	-838	-1.529	-954	
Útflutningur vöru og þjónustu	303.631	308.230	76.260	70.840	5,0%
Innflutningur vöru og þjónustu	-307.279	-293.461	-71.432	-66.808	5,7%
Þáttatekjur og framlög, nettó	-26.081	-15.607	-6.357	-4.986	-11,4%
Vöruskiptajöfnuður	-5.936	13.630	5.504	6.729	
Útfluttar vörur f.o.b.	196.582	204.303	53.124	49.379	5,0%
Innfluttar vörur f.o.b.	-202.518	-190.673	-47.620	-42.650	1,2%
Þjónustujöfnuður	2.288	1.139	-676	-2.697	
Útflutt þjónusta alls	107.049	103.927	23.136	21.461	4,8%
Samgöngur	50.878	51.848	12.157	10.564	-1,8%
Ferðalög	22.881	22.844	3.156	3.129	12,0%
Önnur þjónusta	33.290	29.235	7.823	7.768	12,2%
Innflutt þjónusta	-104.761	-102.788	-23.812	-24.158	14,7%
Samgöngur	-37.106	-39.564	-9.504	-9.289	10,5%
Ferðalög	-36.401	-33.263	-6.589	-6.618	13,5%
Önnur þjónusta	-31.254	-29.961	-7.719	-8.251	20,8%
Þáttatekjur, nettó	-25.122	-16.783	-5.969	-4.577	
Tekjur	16.822	16.274	3.690	4.323	32,4%
Laun	5.772	5.417	1.400	1.529	23,4%
Ávöxtun hlutafjár	7.688	6.721	1.230	1.772	62,8%
Vaxtatekjur	3.362	4.136	1.060	1.022	9,0%
Gjöld	-42.133	-33.057	-9.659	-8.900	4,1%
Laun	-533	-702	-101	-138	54,4%
Ávöxtun hlutafjár	-346	-1.750	-186	-1.332	709,3%
Vaxtagjöld	-41.065	-30.605	-9.372	-7.430	-10,4%
Rekstrarframlög	-959	1.176	-388	-409	
Fjármagnsjöfnuður	17.335	14.234	15.859	14.115	
Fjárframlög, nettó	362	-122	-24	51	
Fjármagnshreyfingar ²	16.973	14.356	15.883	14.064	
Hreyfingar án forða	12.154	20.020	16.817	14.289	
Bein fjárfesting, nettó	-20.108	-3.743	4.076	6.895	
Innlendra aðila erlendis	-34.669	-16.057	-597	297	
Erlendra aðila á Íslandi	14.561	12.314	4.673	6.598	
Verðbréfavíðskipti, nettó	60.841	20.519	-6.058	4.779	
Erlend verðbréf	-5.643	-28.200	-6.124	-7.261	
Hlutafé	-5.812	-23.750	-6.466	-6.675	
Skuldaskjöl	169	-4.450	342	-586	
Innlend verðbréf	66.484	48.719	66	12.040	
Hlutafé	4.266	1.521	-2.433	-2.455	
Skuldaskjöl	62.218	47.198	2.499	14.495	
Annað fjármagn, nettó	-28.579	3.244	18.799	2.615	
Eignir	-47.101	-33.636	3.951	-6.389	
Skuldir	18.522	36.880	14.848	9.004	
Gjaldeyrisforði	4.819	-5.664	-934	-225	
Skekkjur og vantalið	12.394	-13.396	-14.330	-13.161	

1) Breytingin er reiknuð á föstu gengi m.v. meðalgengisvísitölu krónunnar.

2) Neikvætt formerki táknar fjárártstreymi vegna eignaaúkningar eða skuldalækkunar.

ERLEND STAÐA ÞJÓÐARBÚSINS

<i>Staða í lok tímabils í ma.kr.:</i>	<i>1999</i>	<i>2000</i>	<i>2001</i>	<i>2002</i>	<i>Mars* 2003*</i>
I. Erlendar eignir, alls	244,1	315,8	421,1	405,4	405,8
1 Bein fjárfesting erlendis	33,0	56,2	86,7	86,4	86,9
11 Eigið fjármagn	16,6	41,0	66,6	69,8	70,4
12 Lán til tengdra félaga	16,4	15,2	20,2	16,7	16,5
2 Erlend markaðsverðbréf	137,6	186,3	202,5	169,8	168,3
21 Hlutafé	124,3	179,7	188,0	151,3	149,3
22 Skuldaskjöl	13,4	6,6	14,6	18,5	19,0
221 Skuldabréf	12,5	3,6	11,8	16,1	17,2
222 Peningabréf	0,9	3,0	2,8	2,4	1,8
223 Afleiður	1,2	0,0	0,0	0,0	0,0
3 Aðrar fjáreignir en forði	36,6	39,1	95,2	112,0	114,7
4 Gjaldeyrisforði	35,8	34,2	36,6	37,2	35,9
II. Erlendar skuldir, alls	549,7	763,4	1.007,5	967,9	960,3
1 Bein fjárfesting á Íslandi	34,9	41,4	67,0	69,9	76,4
11 Eigið fjármagn	25,3	33,1	63,6	66,2	72,0
12 Lán frá tengdum félögum	9,6	8,3	3,4	3,7	4,4
2 Innlend markaðsverðbréf	226,2	346,7	468,0	464,9	456,9
21 Hlutafé	4,8	1,2	5,6	7,9	5,7
22 Skuldaskjöl	221,4	345,5	462,4	457,0	451,2
221 Skuldabréf	181,7	299,2	379,4	388,4	359,7
222 Peningabréf	39,8	46,3	83,0	68,6	91,5
223 Afleiður	1,2	0,0	0,0	0,0	0,0
3 Aðrar erlendar skuldir	287,4	375,3	472,4	433,1	427,1
31 Löng lán	232,4	288,1	377,0	295,4	279,2
32 Skammtímaskuldir	55,0	87,2	95,4	137,7	147,9
III. Hrein staða við útlönd	-305,6	-447,6	-586,4	-562,5	-554,5
1. Áhættufjármagn nettó	117,6	193,3	202,1	159,9	154,1
2. Skuldabréf, lán o.fl., nettó	-423,2	-640,9	-788,5	-722,4	-708,6
21 Seðlabankinn	32,2	18,6	21,7	20,8	25,9
22 Hið opinbera	-138,2	-167,4	-239,6	-225,4	-212,5
23 Innlánsstofnanir	-145,2	-329,5	-377,4	-362,2	-371,7
24 Aðrir geirar	-171,8	-162,6	-193,2	-155,5	-150,3
<i>Gengi Bandaríkjadals</i>	<i>72,35</i>	<i>84,47</i>	<i>102,95</i>	<i>80,58</i>	<i>76,48</i>
IV. Skuldahlutföll: ¹					
11 Hrein staða þjóðarbúsins	-50,1	-64,0	-74,5	-78,3	-68,5
12 Hrein skuldastaða ²	69,4	91,6	102,1	100,5	87,6
13 Erlend skuldastaða ³	83,5	103,1	121,1	123,9	108,6
131 þ.a. langtímaskuldir	67,9	84,0	98,0	95,2	79,0

*) Bráðabirgðatölur

1) Verg landsframleiðsla er reiknuð til sambærilegs gengis og erlend skuldastaða í lok tímabils

2) Hrein skuldastaða (skuldir að fráregnum eignum) án áhættufjármagns (bein fjárfesting og hlutafé)

3) Verg skuldastaða án áhættufjármagns